
Tilgangur Styrktar- og menningarsjóðs Norvíkur er að styrkja verkefni eða félög sem snúa t.a.m. að menningu, íþróttum og forvarnarstarfi eða öðru því sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni. Með þeim hætti vill Norvík hf. efla tengsl fyrirtækisins og dótturfélaga þess við samfélagið og það umhverfi sem félagið starfar í.

Samningur Norvíkur og ÍF er einn nokkurra sem ÍF hefur gert að undanförunu m.a. vegna þátttöku Íslands í Ólympíumóti fatlaðra sem fram fer í London í september mánuði n.k. Árangur fatlaðra íþróttamanna á undanförunum árum hefur vakið verðskuldaða athygli. Íslenska íþróttafólkið hefur staðið sig afar vel á Ólympíumótum sem og öðrum stórmótum fatlaðra og gerir langtímasamningur sem þessi sambandinu kleift að skapa afreksfólkinu bestu mögulegu skilyrði til að hámarksárangur náist.

Íslensk Getspá

Íslensk Getspá og Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) hafa gert með sér samkomulag um samstarf og stuðning fyrirtækisins við þátttöku Íslands í Ólympíumóti fatlaðra í London 2012.

Íslensk Getspá hefur í gegnum tíðina stutt dyggilega við íþróttir fatlaðra líkt og aðrar íþróttir enda rennur hluti af andvirði allrar sölu Íslenskar Getspár beint til uppbyggingar og starfsemi æskulýðs- og íþróttamála og til málefna öryrkja.

Stuðningur fyrirtækisins við ÍF nú markar nýtt upphaf í stuðningi Íslenskrar Getspár við íþróttir fatlaðra. Án efa leiðir stuðningurinn til glæstra sigra fatlaðra íþróttamanna líkt og að allir þeir sem spila í leikjum Getspár og Getrauna geta fagnað sigri og átt von á góðum vinningi í leiðinni.

Vífilfell hf.

Vífilfell hf. og Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) hafa nú gert með sér formlegan samstarfssamning um stuðning fyrirtækisins við starfsemi ÍF

Vífilfell hefur ávallt stutt myndarlega við hina ýmsu viðburði sem sambandið hefur staðið fyrir og nægir þar að nefna stuðning fyrirtækisins við Evrópumeistaramót fatlaðra í sundi sem fram fór hér á landi 2009 og nú nýafstöðnu Norðurlandamóti fatlaðra í boccia.

Með formlegum samningi nú treystir fyrirtækið enn frekar viðamikni og áralangt samstarf sitt við Íþróttasamband fatlaðra.

Össur kemur að afreksstarfinu

Einn af stærstu styrktar- og samstarfsaðilum ÍF er stoðtækjaframleiðandinn Össur og nú í rúmt ár hefur Össur bætt við sig snúningi því auk árlegra styrkframlaga til sambandsins hefur fyrirtækið stutt dyggilega við úrvalshóp ÍF í frjálsíþróttum.

Samfélagssjóður Valitor

Á dögunum hlaut Íþróttasamband fatlaðra styrk úr Samfélagssjóði Valitor vegna undirbúnings og þátttöku Íslands í Ólympíumóti fatlaðra.

Valitor hefur í rúma tvo áratugi verið einn helsti bakhjarl sambandsins og þannig átt stóran þátt þróun íþróttar fatlaðra hér á landi og glæsilegum árangri fatlaðra íslenskra íþróttamanna gegnum tíðina.

Við afhendingu styrksins, sem Þórður Árni Hjaltested varaformaður ÍF veitti viðtöku, sagði Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitor „að fyrirtækið væri stolt af samstarfi sínu við ÍF og því væri sérstök ánægja að auka stuðning sinn við fatlað íslenskt afreksfólk á Ólympíuári.“



Á myndinni handsala Sveinn Áki Lúðvíksson, formaður ÍF og Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar Getspár, samninginn.



Á myndinni handsala Sveinn Áki Lúðvíksson, formaður ÍF og Árni Stefánsson, forstjóri Vífilfells, samninginn.

Þá hafa Sjóvá og Lyfja endurnýjað samstarfssamninga sína við Íþróttasamband fatlaðra.



Allt frá stofnun Íþróttasambands fatlaðra hafa Kiwanis- og Lionsklúbbar stutt dyggilega við starfsemi sambandsins.

Þannig kom Kiwanisklúbburinn Hekla á vormánuðum færandi hendi en klúbburinn hefur um árabil stutt dyggilega við bakið á starfsemi Íþróttasambands fatlaðra. Það var formaður ÍF, Sveinn Áki Lúðvíksson, sem tók við fjárstyrk frá Heklu.

Íþróttasamband fatlaðra færir samstarfsaðilum sínum og öðrum þeim sem styrkt hafa sambandið sínar bestu þakkir fyrir velvilja og veittan stuðning

Texti: Ólafur Magnússon



Pinnið á minnið

– hverju breytir það fyrir fatlað fólk?

Margir hafa tekið eftir átaki á Íslandi sem nefnist „Pinnið á minnið“ en fyrirtæki sem taka við kortagreiðslum eru hvert á fætur öðru að setja upp posa sem snúa að viðskiptavinum. Nú þarf ekki lengur að afhenda afgreiðslufólki kortið heldur stinga viðskiptavinir því sjálfir í posann og staðfesta greiðsluna með pinni í stað undirskriftar. Ráðgert er að fyrirtæki verði almennt búin að snúa posanum að viðskiptavinum frá og með 1. nóvember 2012.

Þessi nýja aðferð eykur til muna öryggi kortaviðskipta og því er mikilvægt að vel takist til við að breyta og að allir geti nýtt sér þennan möguleika. Í því sambandi liggur beint við að ræða við ferlimálafulltrúa Öryrkjabandalagsins, Hafðísi Runólfsdóttur, heyra sjónarmið fatlaðra og hverju þetta breytir fyrir þann hóp.

Að sögn Hafðisar er breytingin til hagsbóta fyrir suma en erfiðari fyrir aðra. „Ýmsir hreyfihamlaðir, svo sem fólk í hjólastól, getur átt erfitt með að komast að posanum til að setja kortið í lesarann og slá inn pinnið, nema posinn sé á armi eða að unnt sé að taka hann upp og rétta viðskiptavinum. Brýnt er að þjónustu- og söluaðilar tryggi gott aðgengi fyrir alla að afgreiðsluborðum,“ segir Hafðis. Hún bætir við að á vegum átaksins Pinnið á minnið sé sölu- og þjónustuaðilum sérstaklega bent á að aðgengi fatlaðra að posum þurfi að vera í lagi sem sé jákvætt. „Það er á ábyrgð stjórnenda fyrirtækjanna að tryggja hreyfihömluðum aðgang að posum þar sem þeir eru staðsettir.“

Hafðís nefnir að þessi nýjung geti verið til mikilla bóta fyrir blinda og sjónskerta. Nú losna þessir einstaklingar við að afhenda kortið sitt og skrifa undir eða nota stimpil. Þess í stað setja þeir kortið sjálfir í posann og slá inn pinnið, en posar eru með upphleypta hnappa til að auðvelda þessum hópi að nota posana. „Það er mjög gott fyrir þennan hóp að þurfa ekki lengur að afhenda kortið og treysta því að fá rétt kort til baka, því debetkortin eru ekki með upphleyptum stöfum sem blindir geta notað til að sannreyna að þeir hafi fengið kortið sitt til baka“ bætir Hafðís við.

Vert er að hafa í huga að ákveðnir hópar fólks eiga í erfiðleikum með að leggja tölur á minnið. Í því sambandi nefnir Hafdís fólk sem er með Alzheimers, fólk með væga heilabilun og ýmsa aðra hópa, t.d. eldra fólk sem er öruggt með þessa nýjung. Þessir einstaklingar geta mögulega áfram fengið að nota kort þar sem segulröndin er lesin og þeir staðfesta með undirskrift eða stimpli, en það á eftir að koma betur í ljós. „Þessi hópur þarf að fá lausnir sem henta. Eins er brýnt að sjá til þess að pinnið sé ekki geymt á miða í veskinu við hlið kortsins heldur öruggari aðferðir fundnar til að aðstoða þessa hópa við að ryfja upp pinnið“ segir Hafdís að lokum.



Hvað er þetta
pinnið á minnið?

D Valitor Ráðgjöf svarar öllum svona
spurningum. Sláðu á þráðinn
í síma **5252255**.

VALITOR

Ólympíumót fatlaðra

– saga þess og þátttaka Íslands 2012

Ólympíumót fatlaðra fer fram í London dagana 29. ágúst til 9. september 2012 og er hluti af 45 daga samfelldri íþróttahátíð sem hefst með opnunarhátíð Ólympíuleikanna 27. júlí og lýkur með lokahátíð Ólympíumóts fatlaðra þann 9. september. Fyrir íþróttamenn er þátttaka í Ólympíuleikum eða Ólympíumóti fatlaðra hápunkturinn á ferli hvers og eins og þátttakan í London 2012 verður þar engin undantekning.

Nú þegar það liggur ljóst fyrir hvaða einstaklingar verða fulltrúar Íslands á Ólympíumóti fatlaðra er vert að líta á nokkrar sögulegar staðreyndir því tengdu jafnframt því að líta fram á veginn og huga að möguleikum Íslands á mótinu.

Fyrsta Ólympíumót fatlaðra var haldið í Róm 1960 og síðan þá hafa mótin ávallt verið haldin sama ár og Ólympíuleikarnir. Frá árinu 1988 hafa Ólympíumót fatlaðra verið haldin í beinu framhaldi af Ólympíuleikunum, í sömu borg og sömu íþróttamannvirkjum og frá árinu 1992, einnig í vetraríþróttum.

Íslendingar hafa verið sigursælir á Ólympíumótum fatlaðra en þeir tóku fyrst þátt í Ólympíumótinu sem haldið var í Arnheim í Hollandi árið 1980. Þó má segja að uppgangur íþróttar fatlaðra hér á landi hafi fyrir alvöru hafist 1988 í Seoul í Suður-Kóreu þar sem Ísland vann til tveggja gullverðlauna á mótinu. Frá 1980 hafa fatlaðir íslenskir íþróttamenn unnið til 97 verðlauna á Ólympíumótum fatlaðra og af þessum verðlaunum eru 36 gullverðlaun. Þá hafa Íslendingar unnið 66 verðlaun á Heimsmeistaramótum fatlaðra og 73 verðlaun á Evrópumeistaramótum – ekki slæmur árangur það!

Í afreksstefnu ÍF segir að markmið sambandsins sé að það hafi ávallt á að skipa einstaklingum eða liðum, sem standast kröfur til keppni á alþjóðlegum mótum í sínum íþróttagreinum. Í þessu felst;

- að íþróttamenn/lið ÍF vinni til verðlauna á Evrópu-, Heimsmeistara- og Ólympíumótum
- að koma íþróttamönnum inn í úrslit á Evrópu-, Heimsmeistara- og Ólympíumótum

Ólympíu- og afrekssvið ÍF felur íþróttanefndum sínum að móta eigin stefnu með þessi markmið að leiðarljósi og eftir þeim hefur verið unnið undangengin þrjú ár eða frá því að Ólympíumótinu í Peking 2008 lauk.

Með það að markmiði að ná tilskyldum lágmörkum fyrir London 2012 hefur fatlað íslenskt afreksfólk tekið þátt í fjölmörgum mótum innanlands og erlendis. Að venju vegnaði sumum betur en öðrum og „kandidötum“ vegna Ólympíumótsins fækkaði jafnt og þétt þar til átta einstaklingar stóðu eftir og náðu tilskyldum lágmörkum. Þeirra á meðal voru nokkrir þroskahamlaðir einstaklingar en þroskahamlaðir verða nú meðal þátttakenda á Ólympíumóti fatlaðra í fyrsta sinn síðan í Sydney árið 2000.

Þessir einstaklingar voru:

- Eyþór Þrastarson, KR – sund
- Jón Margeir Sverrisson, Fjölni – sund
- Kolbrún Alda Stefánsdóttir, Friði – sund
- Aníta Óska Hrafnisdóttir, Friði – sund
- Helgi Sveinsson, Ármanni – frjálssar íþróttir
- Matthildur Þorsteinsdóttir, ÍFR – frjálssar íþróttir
- Hulda Sigurjónsdóttir, Suðra – frjálssar íþróttir
- Baldur Ævar Baldursson, Snerpu – frjálssar íþróttir

Ólympíumót fatlaðra er ólíkt Ólympíuleikunum að því leiti að mótið er „teiknað upp fyrirfram“ með ákveðnum fjölda keppenda. Í London 2012 verða 4.200 keppendur sem taka þátt í 20 íþróttagreinum þar sem keppt er í flokkum hreyfihamlaðra, blindra, sjónskertra og þroskahamlaðra sem síðan er skipt niður í flokka innbyrðis. Hverju landi er úthlutað „kvóta“ miðað við stöðu íþróttafólks þess á heimslista, óháð því hversu margir einstaklingar hafi náð lágmörkum, en þannig öðlast aðeins bestu íþróttamenn heims úr röðum fatlaðra þátttökurétt á Ólympíumótinu. Þetta fyrirkomulag þýðir þannig að margir sitji heima þó svo þeir hafi náð tilskyldum lágmörkum!

Í sundi t.a.m. eru 600 keppendur, 340 karlar og 260 konur, en rúmlega 700 einstaklingar náðu þeim lágmörkum sem sett voru fyrir mótið! Í frjálsum íþróttum heygja 1.100 einstaklingar keppni í 166 greinum, 740 karlar og 360 konur og einnig þar

Frá 1980 hafa fatlaðir íslenskir íþróttamenn unnið til 97 verðlauna á Ólympíumótum fatlaðra og af þessum verðlaunum eru 36 gullverðlaun.



náðu mun fleiri einstaklingar lágmörkum en sá fjöldi sem þátt tekur í Ólympíumótinu.

IPC – Alþjóðaaólympíuhreyfing fatlaðra gaf löndum frest til 20. maí til að ná „kvóta“ í hverri grein. Þannig var Íslandi, miðað við fjölda þeirra einstaklinga sem náð höfðu tilskyldum lágmörkum á mótið, úthlutað „kvóta“ eða sætum fyrir tvo sundmenn, karl og konu og tvo frjálsíþróttamenn, karl og konu.

Þar eð fleiri íslenskir íþróttamenn náðu tilskyldum lágmörkum en „kvóti“ Íslands leyfði þurfti Ólympíu- og afreksráð ÍF að taka þá erfiðu ákvörðun að velja á milli einstaklinga sem tilskyldum lágmörkum höfðu náð. Þær viðmiðunarreglur sem Ólympíuráð ÍF setti sér varðandi val þetta var:

- staða íþróttamanna á heimslista viðkomandi íþróttagreinar
- fjöldi A og B lágmarka sem viðkomandi íþróttamaður hefur náð
- hvaða einstaklingar áunnu Íslandi úthlutuðum „kvóta“

Þeir einstaklingar sem valdir hafa verið til þátttöku á Ólympíumóti fatlaðra 2012 eru sundfólkið Jón Margeir Sverrisson og Kolbrún Alda Stefánsdóttir sem bæði keppa í flokki þroskahamlaðra (S14), frjálsíþróttamaðurinn Helgi Sveinsson sem keppir í flokki aflimaðra (T42) og frjálsíþróttakonan Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir sem keppir í flokki spastískra (T37).

Jón Margeir Sverrisson kemur úr hópi þeirra efnilegu sundmanna sem stigu fram á Evrópumeistaramóti fatlaðra sem haldið var hér á landi 2009. Síðan þá hefur hann jafnt og þétt verið að þoka sér upp styrkleikalistann og er nú kominn í fremstu röð þroskahamlaðra sundmanna. Þannig gerði hann harða atögu að verðlaunasæti á síðasta Evrópumeistaramóti sem haldið var í Þýskalandi 2011 og getur Jón Margeir, á góðum degi, hæglega unnið til verðlauna á Ólympíumótinu.

Kolbrún Alda Stefánsdóttir kemur, líkt og Jón Margeir, úr 2009 sundhópnum. Hún hefur með elju og ástundun klifrað upp styrkleikalistann þar sem hún situr nú í 15. sæti heimslistans í 200m skriðsundi. Kolbrún Alda er mikil keppnismanneskja sem stefnir hátt og sem fyrsta skref í þeirri viðleitni er að synda sig inn í úrslit í einni þeirra sundgreina sem hún tekur þátt í á Ólympíumótinu.

Helgi Sveinsson er fyrsti íslenski íþróttamaðurinn sem keppir á hlaupafæti frá stoðtækjaframleiðandanum Össuri en flestir fremstu íþróttamenn heims í flokki aflimaðra nota stoðtæki frá fyrirtækinu. Helgi var sínum á unglingsárum í fremstu röð ungra handknattleiksmanna en aflimun vinstri fótar við hné vegna sjúkdóms batt enda á þann feril. Er Helgi, rúmlega þrítugur, fór að æfa frjálsar íþróttir undir handleiðslu Kára Jónssonar, landsliðsþjálfara ÍF, fundust öll gömlu íþróttagenin sem nú hafa fleytt honum til þátttöku á sjálfu Ólympíumótinu. Helgi hefur sýnt það að hann er mikill íþróttamaður og enn meiri keppnismaður og gæti því hæglega verið sá sem kæmi hvað mest á óvart í mótinu.



Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir skaust nánast fullmótuð upp á stjörnuhiminn frjálsíþróttta fatlaðra eftir að hún var uppgötvuð sem frjálsíþróttakona á Norrænu barna- og unglingamóti sem fram fór í Finnlandi 2011. Með þátttöku sinni í hinum ýmsu mótum undangengna mánuði hefur Matthildur klifrað hratt upp styrkleikalista IPC í langstökki og hefur á örskömmum tíma náð að skipa sér í fremstu röð greinarinnar. Verðlaunasæti – hver veit?

Enginn þessara einstaklinga hefur tekið þátt í Ólympíumóti áður og eru því að stíga í fyrsta sinn á stóra sviðið þar sem augu alls alheimsins munu beinast að þeim. Þá eru þau öll, að Helga undanskildum, mjög ung að árum sem gefur fyrirheit um bjarta framtíð í íþróttum fatlaðra á Íslandi. Án nokkurs vafa munu þessir einstaklingar skipa sér í þann fríða flokk Ólympíumótsfara sem haldið hafa hróðri lands og þjóðar hátt á lofti.

Fararstjórar og þjálfarar íslenska hópsins verða að þessu sinni;

- Ólafur Magnússon, aðalfararstóri
- Jón Björn Ólafsson, aðstoðarfararstjóri og almannatengill
- Guðbjörg Lúdvíksdóttir, læknir
- Kristín Guðmundsdóttir, landsliðsþjálfari ÍF í sundi
- Vadim Forafonov, sundþjálfari
- Kári Jónsson, landsliðsþjálfari ÍF í frjálsum íþróttum
- Ásta Katrín Helgadóttir, frjálsíþróttþjálfari

Líkt og í Peking 2008 verður Axel Nikulásson, nú sendiráðunautur í London, tengiliður Íslands við framkvæmdanefnd leikanna.

Meðal gesta við setningu Ólympíumóts fatlaðra verður Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra sem einnig mun heilsa upp á og heiðra íslensku Ólympíumótsfarana með heimsókn í

Ólympíuþorpið.

Þá er vert að geta þess að Ingi Þór Einarsson, formaður sundnefndar ÍF og landsliðsþjálfari ÍF í sundi, verður meðal „flokka“ á mótinu en hann er einn frumkvöðla að nýju forriti tengdu flokkun þroskahamlaðara íþróttamanna.

Að lokum nokkrar tölulegar upplýsingar um Ólympíumótið 2012;

- 20 íþróttagreinar
- 16 þær sömu og á Ólympíuleikum
- Um 4.200 þátttakendur
- Um 160 þátttökupjóðir
- Um 6.000 fjölmiðlamenn
- Um 1,5 milljónir aðgöngumiða til sölu

Sérgreinar Ólympíumóts fatlaðra eru; boccia, blindrabolti, bekkpressa og hjólastólaruðningur.

Allar upplýsingar um Ólympíumót fatlaðra má finna á vefsíðunni www.london2012.com/paralympics

Gangi okkur öllum vel.

Ólafur Magnússon

Aðalfararstjóri



HÁTÆKNI HVATNING HÆFILEIKAR FULLKOMIN ÞRENNNA

Afreksíþróttamaðurinn Helgi Sveinsson setur markið hátt. Hann setti nýlega Íslandsmet í 100m hlaupi í flokki aflimaðara og stefnir enn hærra. Með hátæknivörum frá Össuri, hvatningu frá Íþróttasambandi fatlaðra og eigin hæfileikum myndast fullkomin þrenna.

•• www.ossur.com



You Tube



Life Without Limitations®



Ævintýri á einni fjöður Samstarf við Össur hf

Um langan tíma hefur stoðtækjaframleiðandinn Össur hf verið einn helsti styrktaraðili Íþróttasambands fatlaðra, ÍF. En fyrir um ári síðan tók samstarfið nýja stefnu. Markmið samstarfsins var þá sett á að finna mögulega keppendur fyrir Íslands hönd á Ólympíumót fatlaðra (ÓM) sem notuðu gervifót frá Össuri hf. Þar sem skammur tími var til leikanna í London þótti ráðlegast að horfa til lengri tíma enda koma nýir leikar alltaf á fjögurra ára fresti. Það varð úr að haldin var kynning á frjálssípróttum fyrir börn og fullorðna í enda apríl 2011. Þarna mætti stór hópur barna og unglinga með og án stoðtækja og fékk að prófa langstökk, 60m hlaup, kúluvarp og skutlukast. En þarna mættu líka tveir fullorðnir einstaklingar sem vinna hjá Össuri við að þróa og kynna gervifætur og þá langaði til að prófa þetta líka. Eftir þessa vel heppnuðu kynningu voru stofnaðir tveir hópar sem fylgt hefur verið eftir síðan. Þetta eru „litlu Össurarnir“ sem fengu námskeið í frjálsum fram að Íslandsmótinu í júní og síðan æfingahópur fullorðinna sem í voru tveir einstaklingar, Helgi Sveinsson og Davíð Jónsson. Þjálfari var undirritaður og æfingar fóru fram í Kaplakrika, velli FH-inga sumarið 2011. Litlu Össurarnir kepptu á Íslandsmótinu í þríþraut sem samanstendur af 60m. hlaupi, langstökki, boltakasti og fengu allir þátttökuverðlaun fyrir það. Sá hópur hefur síðan

haldið áfram síðastliðinn vetur og vor undir stjórn Ingólfs Guðjónssonar íþróttafraeðings í samstarfi við íþróttafélagið Ösp í Reykjavík og hefur hópurinn bætt sig mikið í vetur og keppt á innanhússmóti og aftur á Íslandsmótinu nú í vor. Þar eru án efa mörg framtíðarefni okkar.

Strax þegar æfingar eldri hópsins hófust komu í ljós miklir hæfileikar hjá báðum drengjunum. Kviknaði þá sú von að hægt væri að stefna að því að ná a.m.k. einum keppanda á gervifæti inn á leikana í London. Þar með hófst nýr kapítuli í samstarfinu við Össur hf. Samin var æfinga- og keppnisáætlun fyrir Davíð og Helga sem hvorugur hafði snert frjálssar áður að heitið geti. Þeir höfðu því enga keppnisreynslu né heldur kunnu að æfa. Það var því ljóst að tímafrekt og kostnaðarsamt yrði að ná þessu markmiði. Áætlunin var borin upp við Össur hf sem samþykkti að bera hluta af kostnaðinum af „ferðalaginu“ til að hægt væri að láta á þetta reyna. Ævintýrið á einni fjöður var þar með hafið.

Keppt var á mótum á Íslandi í fyrrasumar og í vetur og stefnan sett á alþjóðleg mót viðurkennd af IPC til að fá drengina flokkaða formlega en það er skilyrði til að komast inn á afrekslista fyrir ÓM í London. Til þess var farið til Túnis í mars, Toríno á Ítalíu

Í maí og síðan á EM í Hollandi í júní. Æfingar hafa verið 5-6 daga vikunnar allan þennan tíma og uppskeran ríkuleg í árangri. Helgi hefur einbeitt sér að því að læra að hlaupa 100 og 200m. Núna í vor hefur langstökkið og spjótastið síðan bæst við hjá honum. Davíð hefur einbeitt sér að kúluvarpinu og er að byrja með kringluna líka. Á EM náði Helgi silfri í spjóti eftir að hafa leitt keppnina allan tímann fram í síðustu umferð. Hann er nú með fjórða besta árangur í heiminum í langstökki og spjóti í flokki F42. Davíð náði bronsi í kúlunni en á nokkuð lengra í land á heimslistanum. Sem dæmi um bætingar á einu ári hefur Davíð bætt kúluvarpsárangur sinn úr 9,50m. í 11,21m. og Helgi 100m. hlaupið úr 15,48 í 14,82sek. og langstökkið úr 4,20m. í 5,35m. á þremur mánuðum. Helgi náði A-lágmarki í þremur greinum inn á leikana í London. Markmiðið sem lagt var upp með að eiga keppanda frá Íslandi á gervifæti Össurar var síðan staðfest nú í júní þegar IPC gaf það út að Ísland ætti eitt pláss fyrir karlmann og Helgi sannaði tilkall sitt til þess með frábærri frammistöðu á EM.

En sagan er ekki þar með sögð því til að ná árangri í harðri samkeppni þarf einnig góðan búnað ekki síst þegar á mann vantar fótinn ofan við hné. Þar kemur Össur sterkt inn. Tæknimenn Össurar hf hafa unnið að hönnun nýs hlaupahnés sem kemur til með að nýtast þeim sem hafa hlaupið með staurfót á koltrefjafjöður fram til þessa, líkt og í tilfelli Helga. Nú ganga allar æfingar út á að aðlagast hinu nýja hné til að geta hlaupið stökkið og kastað með það undir sér. Prófanirnar sem Helgi tekur þátt í munu síðan skila sér í fullbúinni vöru síðar

á árinu. Það eru því stoðtækjasmíðir, verkfræðingar, læknar og hreyfirfræðingar auk markaðsfólks innan Össurar hf sem hafa staðið að baki þeim árangri sem náðst hefur hingað til.

Æfingar og ástundun íþróttamannanna sjálfra skipta þó mestu máli til að árangur náist, en til þess þurfa þeir aðstöðu og hana hefur Össur hf skapað. Þjálfarateymi ÍF í frjálsum sem komið hefur að málum eru auk undirritaðs Ásta Katrín Helgadóttir og nú í sumar Einar Vilhjálmsson með sérfræðiaðstoð í spjótasti. Auk þessa stendur fagteymi ÍSÍ íþróttafólkinu til boða.

Um leið og æfingar hófust með Davíð og Helga í maí 2011 skapaðist einnig möguleiki að bjóða fleiri framúrskarandi einstaklingum úr röðum fatlaðra að æfa með hópnum. Þannig varð til sá úrvalshópur sem æft hefur saman í allan vetur og vor. Þar á meðal er ein 15 ára spastísk íþróttakona sem hóf æfingar með okkur í október, Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir. Hún hefur náð keppnisrétti í 100m., 200m. og langstökki þar sem hún er með fjórða besta heimsárangur. Þessi úrvalshópur sex íþróttamanna keppti á EM í Hollandi í júní og var það fjölmennasta frjálsíþróttalið sem ÍF hefur sent á slíkt stórmót. Þannig hefur verkefnið með Össuri hf sem byrjaði á að finna mann til að hlaupa á einni fjöður, undið upp á sig og orðið að fullfiðruðum unga sem er við það að fljúga úr hreiðrinu.

Við þökkum starfsfólki Össurar hf. fyrir samstarfið til þessa.

Kári Jónsson, landsliðsþjálfari ÍF í frjálsíþróttum



UTÁNRIKISRÁÐUNEYTIÐ



Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir

Fædd: 1997

Félag: ÍFR

Keppnisgrein: Frjálsar íþróttir

Lýsing á fötlun: Hreyfihömluð

Fötlunarflokkur: T37

Þjálfari: Kári Jónsson

Keppnisgreinar	Besti árangur
Langstökk	4.10 m.
100 m. hlaup	15.73 sek.
200 m. hlaup	32.51 sek.

Met:

Íslandsmet í langstökki, 100 og 200m. hlaupum í flokki T37

Keppt á alþjóðamótum áður:

2012: Opna frjálsíþróttamótinu í Túnis

2012: Evrópumeistaramótinu
í frjálsum íþróttum (ein bronsverðlaun)



Helgi Sveinsson

Fæddur: 1979

Félag: Ármann

Keppnisgrein: Frjálsar íþróttir

Lýsing á fötlun: Hreyfihamlaður

Fötlunarflokkur: T42

Þjálfari: Kári Jónsson

Keppnisgreinar	Besti árangur
Langstökk	5.32 m.
100 m. hlaup	14.82 sek.
Spjótkest	46.52 m.

Met:

Íslandsmet í 100 og 200m. hlaupum, langstökki og spjótkesti í flokki T42

Keppt á alþjóðamótum áður:

2012: Opna frjálsíþróttamótinu í Túnis

2012: Opna ítalska meistaramótinu

2012: Evrópumeistaramótinu
í frjálsum íþróttum (ein silfurverðlaun)



Jón Margeir Sverrisson

Fæddur: 1992
Félag: Fjölur/Ösp
Keppnisgrein: Sund
Lýsing á fötlun: Þroskahamlaður
Fötlunarflokkur: S14
Þjálfari: Vadim Forafonov

Keppnisgreinar Besti árangur
100 m. baksund 1:13,74 mín.
100 m. bringusund 1:13,92 mín.
200 m. skriðsund 2:01,56 mín.

Met:
Íslandsmet í 50, 100, 200, 400, 800 og 1500 m. skriðsundi,
50 og 100 m. bringusundi, 100 og 200 m. flugsundi
Heimsmet í 800 og 1500m. skriðsundi

Keppt á alþjóðamótum áður:
2009: Evrópumeistaramótinu í sundi
2009: Global Games - Heimsleikar þroskahamlaðra
2010: Heimsmeistaramótinu í sundi
2011: Evrópumeistaramótinu í sundi
2011: Global Games - Heimsleikar þroskahamlaðra
(ein gull- og tvenn silfurverðlaun)

Þátttaka í hinum ýmsu alþjóðamótum s.s. opna þýska og opna breska meistaramótinu í sundi.

Aðrar viðúkenningar:
Íþróttamaður ársins úr röðum fatlaðra 2010 og 2011,
Afreksmaður UMF Fjölnis 2011, Sundmaður Reykjavíkur
2011 úr röðum fatlaðra.



Kolbrún Alda Stefánsdóttir

Fædd: 1997
Félag: Fjörður/SH
Keppnisgrein: Sund
Lýsing á fötlun: Þroskahömluð
Fötlunarflokkur: S14
Þjálfari: Mladen Tepavec

Keppnisgreinar Besti árangur
100 m. baksund 1:21,09 mín.
100 m. bringusund 1:30,07 mín.
200 m. skriðsund 2:28,77 mín.

Met:
Íslandsmet í 50, 100, 200, 400 og 800 m. skriðsundi, 50,
100 og 200 m. baksundi og 200 m. fjórsundi.

Keppt á alþjóðamótum áður:
2010: Heimsmeistaramótinu í sundi
2011: Global Games - Heimsleikar þroskahamlaðra

Þátttaka í hinum ýmsu alþjóðamótum s.s. opna
þýska og opna breska meistaramótinu í sundi.

Aðrar viðúkenningar:
Íþróttakona ársins úr röðum fatlaðra 2011, Íþróttakona
Íþróttafélagsins Fjarðar 2011.



Ólympíumótið mitt: Geir Sverrisson

Eftir því sem tíminn líður er það þínulítið sérstakt að keppnisárangurinn og keppnin sjálf er mér ekki endilega efst í huga. Fyrir mér er það sem eftir stendur ótrúlega skemmtilegar minningar af einskonar uppskeruhátíð af afrakstri vinnu sem á undan var gengin. Sjálf keppnin stendur ekki yfir nema í nokkrar sekúndur en öll upplifunin er ótrúleg. Alveg frá því að stigið er upp í flugvél og þar til stigið er aftur úr henni.

Ég naut þeirra forréttinda að öðlast þátttökurétt á Ólympíumótunum frá 1988 í Kóreu til 2000 í Ástralíu. Frá því að vera óharðnaður 17 ára stráklíngur upp í að vera 29 ára karlmaður ef svo má segja. Öll voru mótin eftirminnileg og það væri eins að gera upp á milli barnanna minna að segja hvert þeirra mér fyndist eftirminnilegast. En ef ég ætti að velja eitt mót úr þá er það kannski ekki vegna árangurs í það skiptið heldur það að í Barcelona stóð ég á eins konar tímamótum þar sem ég var að skipta algjörlega um íþróttagrein og keppti því bæði í sundi og spretthlaupum á því móti.

Það sem upp úr stendur þegar ég hugsa til baka er að öll upplifunin var mögnuð. Allt skipulag var á þá vegu að það var rétt eins og við værum í bómul og okkar var bara að njóta. Vissulega var mikil alvara og þrotlaus vinna að baki og auðvelt að láta stressið bera sig ofurliði í þessari ristastóru alþjóðlegu keppni. En öll umgjörð okkar góða fólks hjá ÍF var á þá vegu að auðvelt var að skila sínu besta og á sama tíma upplifa eina bestu tíma lífs síns. Andinn meðal okkar íslensku keppenda og fylgdarfólks var alltaf á mjög léttum nótum og öll upplifðum við ógleymanlegar stundir saman.

Auðvitað er líka hægt að rifja upp eftirminnilega hluti sem myndu flokkast sem vonbrigði. Til dæmis að skauta á fjórum fótum í grenjandi rigningu í lok 400 m. hlaups þar sem keppinauturinn birtist upp við hlið mér á síðustu tveimur metrunum. Eins og að

klára 400m hlaup á 50 sekúndum sé ekki nógu erfitt eitt og sér! Þetta kallast bara að fórna sér og er ekkert annað en skemmtileg minning þegar lengra dregur frá. Mynd af atvikinu endaði síðan sem sigurmynd á World Press Photo sem var frekar spaugilegt.

Þegar ég horfi til baka vil ég meina að ég hafi lagt mig allan fram við æfingar og keppni en á sama tíma haft alveg ótrúlega gaman af þessu öllu saman. Þeir sem umgengust mig þá gætu reyndar haldið annað þar sem stór hluti af þessu er jú keppnisskapið og það hafði ég alveg og líktist kannski frekar hreinni og klárri keppnisgrímd! En þegar á keppnisstaðinn er komið verður maður að hugsa að hingað á ég fullt erindi. Halda haus og fullri einbeitingu og ná að útiloka sig svolítið með e.t.v. tónlist og sólgleraugum. Það gerði ég. Mér þótti best að vera ekkert að hugsa of mikið um keppinautana og láta þá bara um að hafa áhyggjur af mér (enda var planið að þeir væru einhver staðar fyrir aftan mig hvort sem er). Í lok keppninnar vorum við þó ævinlega bestu vinir. Margir höfðu þeir á orði að ég væri mjög svo fámáll og ískaldur fyrir keppni en þetta var jú allt saman samkvæmt keppnisáætluninni.

Kæru félagar sem eruð á leiðinni til London. Núna er uppskeruhátíðin framundan. Þið eruð með frábært fólk sem sér um allt vesenið þannig að það eina sem þið þurfið gera er að halda haus, borða rétt, hvílast vel og síðast en ekki síst að kunna að bíða. Ferðalög og svona stór keppni tekur tíma. Ég var alltaf kominn með fætur upp í loft, notandi töskuna mína sem kodd þegar var stoppað lengur en 10 mínútur og lét það ekkert trufla mig. Svo er bara að negla á þetta og ná sínu besta. Umfram allt njóta hvernar einustu mínútu. Þið eruð að búa til minningar sem fylgja ykkur ævilangt.

Góða ferð og gangi ykkur vel, Geir Sverris.



Ólympíumótið mitt: Haukur Gunnarsson

Eftirminnilegasta mótið mitt er að sjálfsgöðu Ólympíumótið í Seoul í Suður Kóreu en þar vann ég 100 metra hlaup karla T37 á tímanum 12,88 sek. Ólympíumet og heimsmet! Það var eftirminnilegast og jafnframt sætasti sigur minn í greinninni, auk þess vann ég brons í 200 m. og 400 m. hlaupi þar sem ég sló einnig heimsmet í undanriðlum. Fyrir mér er þetta mót minnisstæðast af öllum þeim fjórum mótum sem ég fór á.

Í Barcelona 1992 voru margir íslenskir gullkálfar samankomnir. Ólafur Eiríksson, Kristín Rós, Geir og ég og fleiri. Ég vann þarna óvænt til bronsverðlauna í 200 m. hlaupi en ég var með fimmta besta tímann fyrir úrslitahlaupið. Sá sem átti þriðja besta tímann mætti ekki í úrslitahlaupið, tók rangan strætisvagn á leið sinni á keppnisstað. Ég gleymi þessu aldrei enda voru möguleikar mínir á verðlaunum ekki miklir en það var glatt á hjalla eftir þetta þó úrslitin hefðu vissulega getað verið önnur.

Fyrst og fremst eiga þeir sem fara á Ólympíumót að hafa gaman af því. Hafa gaman af verkefninu sem tekist er á við enda eru þarna bestu íþróttamenn í heiminum í hverjum fötlunarflokki. Kjörorð okkar eru þau að stærsti sigurinn sé að vera með og að fullnýta svona tækifæri er mikilvægt því það býðst mögulega aldrei aftur. Góða skapið verður að vera með í för, áráðnin og vilji til að styðja aðra keppendur og vera þú sjálfur. Það fer enginn í svona mót nema með þessi atriði í lagi. Ég vil nota tækifærið og óska keppendum góðrar ferðar og vil þakka ÍF fyrir að hafa gefið mér þetta tækifæri sem ég fékk á sínum tíma. Minn árangur og mín iðkun hefur skilað mér betri út í samfélagið, þetta allt er mögulegt ef þið haldið áfram að stunda íþróttir.

Afrekin verða ykkur alltaf ofarlega í minningunni, þannig er það hjá mér og þessvegna er ég enn á fullu í íþróttum.

Með bestu íþróttakveðjum,

Haukur Gunnarsson



Ólympíumótið mitt: Kristín Rós Hákonardóttir

Éftirminnilegasta Ólympíumótið mitt er án efa Atlanta 1996. Þar gekk mér mjög vel, vann til þrenna gullverðlauna og setti jafnmörg heimsmet og fékk að auki ein bronsverðlaun. Auk þess sem ég var kosin „Lady of the games“ af þulinum í sundlauginni. Þetta var mitt þriðja Ólympíumót, ég var þá 23 ára og rétt að byrja minn feril. Við Sigrún Huld sundkona gistum saman í herbergi í blokk sem tilheyrði hernum, rétt við Ólympíusundlaugina. Það heyrðist allt í hátalarakerfinu inn til okkar. Herbergið var mjög lítið eins og góður fataskápur og ferðatöskurnar voru á gólfinu milli rúmana því ekki var pláss fyrir þær annarsstaðar í herberginu. Þetta var frábært mót sem aldrei gleymist. Ég náði mínum bestu tímum og ekki var verra að hafa góðan stuðning af foreldrum og litlu systur minni.

Sú minning sem stendur hæst í Atlanta var undanfari úrslita í 100 m. bringusundi. Það var mjög heitt þennan dag og von á þrumum og eldingum seinna um daginn. Og viti menn þegar úrslitin áttu að hefjast skall á snarvitlaust veður, með þrumum, eldingum og roki. Allt lauslegt af sundlaugarbökkunum sópaðist í burtu, en aðstoðarfolk hvatti áhorfendur með söng og dansi sem samanstóð m.a. af „Y.M.C.A.“ laginu með Village People og laginu „Macarena“ sem er spænskt danslag með Los del Rio. Þvílíkt fjör og allir hundblautir. Fresta þurfti keppni um tæpa þrjá tíma og það tók mikið á. Þá var um að gera að vera

nógu yfirvegaður og láta ekkert trufla sig. Dagurinn endaði stórkostlega, með því að ég hlustaði á þjóðsönginn minn á efsta palli með gullverðlaun og heimsmet í farteskinu.

Undirbúningur fyrir stórmót eins og Ólympíumót stóð yfir í 4 ár eða frá síðustu leikum að þeim næstu. Ég var með langtímamarkmið í huga en auðvitað tók maður stutt markmið inn í langtímamarkmiðið. Fyrst þetta mót og svo það næsta. Ég hefði ekki getað hugsað mér þennan undirbúning án minna frábæru þjálfara, en þeir hafa verið margir á sundferli mínum og má þá nefna helst Erling Jóhannsson og Kristínu Guðmundsdóttur, en þau studdu vel við bakið á mér allan minn feril. Æfingar voru u.þ.b. 10 sinnum í viku þrír tímar í senn og því gerði ég ekki mikið annað. Að vera rétt stilltur og í góðu andlegu formi skiptir miklu máli. Að setja sér markmið fyrir hvert mót og gera hæfilegar kröfur til sjálfs síns. Trúa á sjálfan sig og vera agaður.

Ráðleggingar mínar til þeirra sem fara á Ólympíumótið í London 2012 er að vera agaður í undirbúningnum, trúa á sjálfan sig og setja sér ákveðin markmið til að stefna að og treysta þjálfaranum því hann veit hvað er best.

Kristín Rós Hákonardóttir

Verðlaunahafar á Ólympíumótum fatlaðra

Staður	Ár	Nafn	Félag	Grein	Gull	Silfur	Brons
Holland / Arnheim	1980	Sigurrós Karlsdóttir	Akur	Sund	1		
		Jónas Óskarsson	ÍFR/Völsungur	Lyftingar			1
USA / New York	1984	Jónas Óskarsson	ÍFR/Völsungur	Sund		1	
(hreyfihamlaðir)		Sigrún Pétursdóttir	ÍFR	Sund		1	2
		Oddný Óttarsdóttir	ÍFR	Sund			1
		Haukur Gunnarsson	ÍFR	Frjalsar			2
		Hafðís Ásgeirsdóttir	Akur	Borðtennis			2
		Hafðís Gunnarsdóttir	ÍFR/KR	Borðtennis			1
Bretland/ Stoke	1984	Anna Geirsdóttir	ÍFR	Sund			1
		Edda Bergmann	ÍFR	Sund			1
Mandev. (mænuskaðaðir)							
Suður-Kórea / Seoul	1988	Haukur Gunnarsson	ÍFR	Frjalsar	1		2
		Lilja M. Snorraddóttir	Tindastóll	Sund	1		2
		Jónas Óskarsson	ÍFR/Völsungur	Sund		1	
		Geir Sverrisson	UMFN	Sund		1	
		Ólafur Eiríksson	ÍFR	Sund			2
		Sóley Axelsdóttir	ÍFR	Sund			1
Spánn/ Barcelóna	1992	Geir Sverrisson	UMFN/Ármann	Sund/frj.	1		1
(hreyfihamlaðir)		Ólafur Eiríksson	ÍFR/KR	Sund	2		2
		Lilja M. Snorraddóttir	SH	Sund		1	4
		Kristín R. Hákonard.	ÍFR	Sund		1	1
		Rut Sverrisdóttir	Akur/Óðinn	Sund			2
		Birkir R. Gunnarsson	ÍFR	Sund			1
		Haukur Gunnarsson	ÍFR/Ármann	Frjalsar			1
Spánn/ Madrid	1992	Sigrún H. Hrafnisdóttir	Ösp	Sund	9	2	
(proskaeftir)		Guðrún Ólafsdóttir	Ösp	Sund	5	2	2
		Bára B. Erlingsdóttir	Ösp	Sund	4	1	3
		Katrín Sigurðardóttir	Ösp	Sund	4	1	
USA / Atlanta	1996	Kristín R. Hákonard.	ÍFR	Sund	3		1
		Ólafur Eiríksson	ÍFR/SH	Sund	1	1	1
		Pálmar Guðmundsson	ÍFR	Sund	1		1
		Birkir R. Gunnarsson	ÍFR/Ægir	Sund			1
		Sigrún H. Hrafnisdóttir	Ösp	Sund			1
		Geir Sverrisson	Ármann	Frjalsar		3	
Ástralía / Sydney	2000	Kristín R. Hákonard.	ÍFR	Sund	2		2
Grikkland / Aþena	2004	Kristín R. Hákonard.	ÍFR	Sund	1	1	
		Jón Oddur Halldórsson	Óðni Hellissandi	Frjalsar		2	
Kína / Peking	2008	Enginn					
Samtals					36	19	42

Heildarverðlaun á Ólympíumótum

97

Ólympíumótsfarar Íþróttasambands fatlaðra frá upphafi

Peking, Kína

6. – 17. september 2008

Sonja Sigurðardóttir, ÍFR – sund

Eypór Prastarson, ÍFR – sund

Þorsteinn Sölvason, ÍFR – lyftingar

Baldur Ævar Baldursson, Snepu – frjálssar íþróttir

Jón Oddur Halldórsson, Reyni Hellissandi – frjálssar íþróttir



Aþena, Grikkland

17. – 28. september 2004

Kristín Rós Hákonardóttir, ÍFR – sund

Jón Oddur Halldórsson, Reyni Hellissandi – frjálssar íþróttir

Jóhann Rúnar Kristjánsson, Nes Reykjanesbæ – borðtennis



Sidney, Ástralía

18. – 29. október 2000

Kristín Rós Hákonardóttir, ÍFR – sund

Bjarki Birgisson, ÍFR – sund

Pálmar Guðmundsson, ÍFR – sund

Gunnar Örn Ólafsson, Ösp – sund

Geir Sverrisson, Breiðablik – frjálssar íþróttir

Einar Trausti Sveinsson, Kveldúlf – frjálssar íþróttir



Atlanta, Bandaríkjunum

16. – 25. ágúst 1996

Kristín Rós Hákonardóttir, ÍFR – sund

Pálmar Guðmundsson, ÍFR – sund

Ólafur Eiríksson, ÍFR/SH – sund

Birkir Rúnar Gunnarsson, ÍFR/Ægi – sund

Gunnar Þór Gunnarsson, Suðra – sund

Anna Rún Kristjánsdóttir, Akri/Óðni – sund

Sigrún Huld Hrafnisdóttir, Ösp – sund

Bára B. Erlingsdóttir, Ösp – sund

Geir Sverrisson, Ármanni – frjálssar íþróttir

Haukur Gunnarsson, ÍFR – frjálssar íþróttir



Barcelona, Spáni

3. – 14. september 1992

- hreyfihamlaðir

Kristín Rós Hákonardóttir, ÍFR – sund

Sóley Axelsdóttir, ÍFR – sund

Halldór Guðbergsson, ÍFR – sund

Birkir Rúnar Gunnarsson, ÍFR – sund

Ólafur Eiríksson, ÍFR/KR – sund

Svanur Ingvarsson, Suðra – sund

Rut Sverrisdóttir, Akri/Óðni – sund

Lilja María Snorraddóttir, SH – sund

Geir Sverrisson, Ármanni – sund og frjálssar íþróttir

Haukur Gunnarsson, ÍFR – frjálssar íþróttir

Elvar Thorarensen, Akri – borðtennis

Jón Heiðar Jónsson, Akri – borðtennis



Madrid, Spáni

13. – 20. september 1992

- þroskahamlaðir

Sigrún Huld Hrafnisdóttir, Ösp – sund

Bára B. Erlingsdóttir, Ösp – sund

Guðrún Ólafsdóttir, Ösp – sund

Magnfreð I. Jensson, Ösp – sund

Katrín Sigurðardóttir, Suðra – sund

Gunnar Þór Gunnarsson, Suðra – sund

Aðalsteinn Friðjónsson, Eik – frjálssar íþróttir

Stefán Thorarensen, Akri – frjálsum íþróttum



Seoul, Suður-Kórea

15. – 24. október 1988

Kristín Rós Hákonardóttir, ÍFR – sund

Sóley Axelsdóttir, ÍFR – sund

Sigrún Pétursdóttir, ÍFR – sund

Ólafur Eiríksson, ÍFR – sund

Halldór Guðbergsson, ÍFR – sund

Jónas Óskarsson, ÍFR/Völsungi – sund

Geir Sverrisson, UMFN – sund

Lilja María Snorraddóttir, UMF Tindastól – sund

Gunnar Valur Gunnarsson, Suðra – sund

Rut Sverrisdóttir, Akri/Óðni – sund

Reynir Kristófersson, ÍFR – frjálssar íþróttir

Haukur Gunnarsson, ÍFR – frjálssar íþróttir

Arnar Klemensson, Viljanum – frjálssar íþróttir

Elvar Thorarensen, Akri – borðtennis



New York, Bandaríkjunum

16. – 30. júní 1984 - hreyfihamlaðir

Sigrún Pétursdóttir, ÍFR – sund

Oddný Óttarsdóttir, ÍFR – sund

Jónas Óskarsson, ÍFR/Völsungi – sund

Snæbjörn Þórðarson, Akri – sund

Eysteinn Guðmundsson, UMFB Bolungarvík – sund

Hafðís Gunnarsdóttir, ÍFR/KR – borðtennis

Hafðís Ásgeirsdóttir, Akri – borðtennis

Sævar Guðjónsson, ÍFR – borðtennis

Haukur Gunnarsson, ÍFR – frjálsar íþróttir

Guðjón Skúlason, ÍFR – frjálsar íþróttir



Vetrarólympíumót fatlaðra

Vancouver, Kanada 12. – 21. mars 2010

